



DALAPÓSTURINN

14. tölublað, 7. árgangur
23, október 2014

Skólastefna

Drög að skólastefnu Dalabyggðar voru auglýst til umsagnar 3. júlí. Tímastofur til að skila athugasemdum er til 30. október 2014 og skal komið til skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal eða á netfangið dalir@dalir.is.

Drög að skólastefnu er að finna á heimasíðu Dalabyggðar, www.dalir.is, og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umferðaröryggi í Búðardal

Á íbúafundi sem haldinn var í Dalabúð 23. september sl. kynntu starfsmenn Vegagerðarinnar tillögur sínar um aðgerðir til að auka umferðaröryggi á og við Vestfjarðaveg um Búðardal (Vesturbraut). Vegagerðin hefur nú uppfært tillögurnar í samræmi við umræður á fundinum og verða þær birtar til umsagnar á vef Dalabyggðar, www.dalir.is.

Áhugasömum er hér með gefið tækifæri til að gera athugasemdir við tillögurnar.

Athugasemdir skal senda undirrituðum á skrifstofu Dalabyggðar eða á netfangið sveitarstjori@dalir.is fyrir 5. nóvember nk.

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Byggðasafn Dalamanna—sögustund

Fjórða sögustund vetrarins verður sunnudaginn 26. október kl. 14 á Laugum. Aðgangseyrir er 500 kr og er safnið jafnframt opið.

Viðfangsefnið að þessu sinni er förukonan Helga Agnesardóttir. Sagt verður frá lífshlaupi hennar, barneignum, samskiptum hennar við yfirvaldið og sitthvað fleira kemur við sögu.

Sunnudaginn 9. nóvember verður norræni skjaladagurinn á vegum Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þema skjalasafna í ár er *Vesturfarar*.

Fjallað verður um hvað varð um þá sem fóru héðan úr Dölum vestur um haf og hvernig má finna út hvað af þeim varð. Enginn aðgangseyrir er á norræna skjaladaginn. Næstu sögustundir verða síðan 23. nóvember, 7. desember og 21. desember.

Þeir sem hafa áhuga á að fara í sund samhliða sögustund hafi samband við Gunnar Má með góðum fyrirvara á netfangið gunnarmar@umfi.is eða síma 777 0295 / 434 1465.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar, Miðbraut 11, er opin kl. 10-14.

Síminn er 430 4700 og símatími kl. 9-13.

Netfang Dalabyggðar er dalir@dalir.is

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Netfangið er bokasafn@dalir.is og síminn 430 4720

Opnunartímar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Endurvinnslan í Búðardal

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Netfangið er safnamal@dalir.is og sími 430 4700

Opnunartímar eru eftir samkomulag við héraðsskjalavörð.